

Ávarp heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
á 50 ára afmæli Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands
mánudaginn 10. maí 2004

Góðir hátíðargestir.

Á stundu sem þessari er ekki annað hægt en að láta hugann reika til frumherjanna, sem af framsýni og stórhug hrundu Krabbameinsskránni af stað fyrir hálfri öld. Þá sem nú tókust menn á við erfiðan óvin, þar sem krabbameinssjúkdómarnir eru. Frumherjunum var ljóst að nákvæm skráning myndi leiða til bættari sóknarfæra fyrir komandi kynslóðir, sem gætu nýtt sér agaða skráningu til leitar og mats á því hvernig sækja skyldi fram á veginn, og hvaða leiðir skyldi varast.

Hálf öld er nú liðin frá því að Krabbameinsskráin var stofnuð. Hún hefur sýnt sig vera ómetanlegt tæki til úrvinnslu á ýmsum rannsóknarniðurstöðum, bæði til mats á meðferð sem og til leitar að þeim þáttum er vernda eða valda krabbameinum.

Á þennan hátt hefur þjóðin notið góðs af verki frumherjanna sem og þeirra sem á eftir hafa komið. Ég hef heyrt frá öðrum vettvangi að skráin er mikils metin á erlendum vettvangi, bæði fyrir gæði sín og getu.

Ég vil í þessu sambandi, þegar við stöndum nú hér með glæsilegt og fróðlegt rit, þakka öllum þeim sem að því verki hafa komið. Fræðsla af þessum toga er öllum til góðs, dregur úr vanþekkingu og fordómum sem þessir sjúkdómar liðu lengi fyrir. Einnig kemur þar glögglega fram að ýmsir sigrar hafa unnist á erfiðri leið og ég tel mig vita að Krabbameinsskráin hafi átt þar vissan þátt.

Ég vil óska öllum þeim sem að skránni hafa starfað fyrr og síðar til hamingju með daginn og þakka þeim fyrir að hafa gert Krabbameinsskrána að því stórvirki sem hún er í dag, viðurkennd að gæðum bæði innan lands sem utan. Þar hefur sannast enn og aftur, að gæði vega þyngra en magn, á alþjóðlegum vettvangi er fjöldi krabbameina á Íslandi ekki mikill, fjöldinn hefur ekki lyft okkur á stall meðal annarra þjóða, hins vegar hafa gæði skrárinnar gert það.